

Til handhafa útboðsgagna nr. 15411 – Rekstur víðnets Reykjavíkurborgar

Málefni: Viðauki 2 við ofangreind útboðsgögn.

Eftirfarandi fyrirspurnir hafa borist og eru svör kaupanda við þeim hér fyrir neðan.

Spurning 1:

Kafla 0.8.1.2

Eiga 1200 orð samtals við alla matsþætti eða er þessi fjöldi orða fyrir hvern matsþátt fyrir sig, þ.e. matsþættir A-F. Matsþáttur F: Ef tæknilegur tengiliður bjóðanda er með CCIE gráðu fær þá bjóðandi 2 punkta þar sem hinar gráðurnar eru lægri?

Svar 1:

Greinargerðin þ.e. 1200 orð á eingöngu við um matsþætti A, B og C, þ.e. ekki hina matsþættina D, E og F. Orðin 1200 skulu taka til allra þriggja matsþáttanna þ.e. A, B og C en EKKI 1200 orð á hvern matsþátt fyrir sig. Þá skal greinargerðinni þ.e. orðunum 1200 skipt á milli matsþáttanna þriggja þannig að hægt sé að gefa þeim einkunn hverjum fyrir sig. Það er bjóðanda að ákveða hvernig greinargerðinni þ.e. orðunum 1200 er skipt á milli matsþáttanna þriggja. Beðist er velvirðingar á ónákvæmu orðalagi.

Spurning 2:

Kafla 1.5.2

Til að lágmarka tvískráningar má seljandi halda tímabókhald í sínu verkbeiðnakerfi sem er svo samtengt verkbeiðnakerfi Reykjavíkurborgar svo að gögn flæði á milli?

Svar 2:

Aðalatriðið er að skráningarnar séu gerðar í beiðnakerfi Kaupanda samanber kafla 1.5.2. Kaupandi er reiðubúinn að skoða samtengingu á milli beiðnakerfa en aðlögunarkostnaður yrði á kostnað Bjóðanda.

Spurning 3:

Kafla 2.2.1

Hver er skilgreiningin á Netöryggiskerfum?

Svar 3:

„Netöryggiskerfi“ var vinnuheiti á hluta útboðslýsingarinnar á fyrri stigum við vinnslu hennar. Í útboðslýsingunni er rétta heitið „Víðnet“ og skal því það heiti notað í stað „Netöryggiskerfis“. Beðist er velvirðingar á þessum fingurbrjóti.

Spurning 4:

Utan fastagjalds er tilgreint að endurnýjun og þróun á víðnetinu er utan fastagjalds. Í töflu 2 Þjónustuverkefni er tilgreint að Skipulögð útskipti á búnaði sé innan fastagjalds. Hver er skilgreiningin á endurnýjun og þróun á víðnetinu?

Svar 4:

Endurnýjun og þróun á víðnetinu eru skilgreind umbótaverkefni sem hafa upphaf og endi.

Spurning 5:

Vinna við uppfærslur sem og útskipti á búnaði sem þarf að vinna utan dagvinnutíma, að kröfu verkkaupa, á hún að vera innan fastagjalds?

Svar 5:

Kaupandi vísar hér töflu 2 í kafla 2.2.1 um skipulögð útskipti á búnaði og eru því skipulögð útskipti á búnaði utan fastagjalds

Spurning 6:

Kafla 2.4

Er uppfærð búnaðarskrá til staðar í dag?

Svar 6:

Já

Spurning 7:

Kafla 2.5

Er hægt að fá nánari skilgreiningu hver aðfangakeðja kaupanda er í dag?

Svar 7:

Öll okkar aðföng eru skv. innkaupareglum Reykjavíkurborgar

Spurning 8:

Kafla 2.8.5.1

Hver er skilgreiningin á Vinna Skal úr erindi innan xxxx?

Svar 8:

Kaupandi vísar hér í textann í Kafla 2.8.5.1 til skýringar

Spurning 9:

Kafla 0.4.3

Varðandi CCDP design - þessi gráða er úrelt og ekki hægt að endurnýja hana. Við erum með starfsmann sem var með gráðuna en hún er útrunnin og fæst ekki endurnýjuð. Telur það með í stigagjöf? Kemur einhver gráða í kröfurnar í staðinn fyrir CCDP – Design?

Svar 9:

Við tökum gráðuna gilda að fullu þrátt fyrir að hún sé útrunnin og hún er þar með talin með í stigagjöf.

Spurning 10:

Kafla 2.8.7.6

Væri hægt að fá senda mynd af nethögun eins og hún er í dag? Til þess að hafa það til hliðsjónar tillagna um framtíðarsýnar og umbóta.

Svar 10:

Verkefni sem nefnd eru í kafla 2.8.7.6. verða unnin í framhaldi af útboði með þeim sem fær samninginn.

Spurning 11:

Eldveggir, tekið fram að hann sé einn í textalýsingu, en í töflu eru þrír. Hvar eru þeir staðsettir og hvert er hlutverk ólíkra eldveggja?

Svar 11:

Eldveggurinn Cisco FirePower er tvöfaldur. Sá þriðji er VPN gátt sem verður tekinn úr rekstri fljótlega.

Spurning 12:

Kafla 2.8.1

Umfangið: hversu margar beiðnir eru búnar til sem sendar eru á Level 1, svo á Level 2 og Level 3, t.d. sl.12 mánuði. Væri hægt að fá nánari skýrslu varðandi það? Þetta hefur mikil áhrif á mönnun til sjá hversu umfangi er mikið. eru til einhverjar tölur um tímaframlag á hvert service level fyrir sig, þ.e. hve margar klst per mánuð eða ár per level?

Svar 12:

Starfsmaður verksala á starfsstað Kaupanda þarf að flokka og leysa beiðnir eftir föngum. Sjá Kafla 2.8.1. Nákvæmar tölur um fjölda beiðna liggja ekki fyrir hjá Kaupanda.

Spurning 13:

Kafla 1.5.2

Hvaða beiðnakerfi er verið að nota? er fyrirhugað að samþætta það með verktaka? Kíkið á lið 1.5.2 – Afenging þjónustu

Svar 13:

Verkbeiðnakerfið er Jira Service Management Cloud. Varðandi samþættingu beiðnakerfa sjá svar við spurningu 2 hér að ofan.

Spurning 14:

Gagnatengingarnar verða hjá fjarskiptafyrirtækjunum

Það hljómar eins og þið séuð með þetta nú þegar hjá fjarskiptafyrirtækjunum. Hvað er það sem þið ætlið að flytja til fjarskiptaft? Hvaða áhrif hefur það á rekstrarfyrirkomulagið. Eiga fjarskiptafyrirtækin að reka einhvern hluta á víðnetinu? Stendur s.s. til að hætta að reka ljósleiðararhóringinn sem grunnetið byggir á í dag og skipta yfir í tengingar frá fjarskiptafyrirtækjunum?

Svar 14:

Þetta hefur með framtíðarhögun netsins að gera. Verður unnið í samráði við þann sem fær samninginn.

Spurning 15:

Varðandi vöktunarbúnaðinn, er rétt skilið að núverandi vöktunarbúnaður verði ekki notaður áfram? Er gert ráð fyrir að mælaborð og eftirlit og vöktun sé innan fasta gjalds eða sérverkefni ef núverandi vöktunarbúnaður verður ekki notaður áfram?

Svar 15:

Núverandi vöktunarbúnaður verður notaður áfram, öll vinna og allar upplýsingar innan vöktunarbúnaðarins eru eign Kaupanda. Allt innan fastagjalds.

Spurning 16:

Kafla 2.8.2

Í lýsingu er á einum stað talað um að þjónustutími sé 8-16 og stundum þurfi að bregðast við bilunum utan þess tíma. Á öðrum stað er lýsingin eins og ætlast sé til að innan samningsins sé 24/7/365 rekstur og viðbragð. Hvað er réttur skilningur þarna? Er nóg að vera með rekstrarþeymi í almennum rekstri 8-16 og svo bakvaktir þess utan? Skiljanlega eru dæmi um verk sem þarf að vinna utan almenns skrifstofutíma, er nóg að það sé skipulagt í kringum hvert verk/viðvik eða er krafan að hafa netrekstrarþeymi til kalls lengur en venjulegan vinnudag alla daga? Ef sú er raunin væri gott að fá tölur um hve margir tímar eru unnir (ekki útköll) utan hefðbundins dagvinnutíma.

Svar 16:

Sjá töflu 2 í kafla 2.2.1.

Spurning 17:

Kafla 2.5

Talað er um að gagnaver yrði mögulega úthýst til ytri aðila á tíma samningsins og taka þurfi tillit til þess og mögulega endursemla um stærð samningsins á tímabilinu. Liggur fyrir hve mikið umfang vinnu (fjöldi beiðna og tímar) fara í rekstur og vinnu vegna gagnaversins? S.s. er hægt að leggja mat á hve mikla breytingu þetta gæti kallað á hjá rekstraraðilum (verktaka)?

Svar 17:

Nei umfang liggur ekki fyrir.

Vinsamlega athugið að viðauki þessi er hluti framangreindra útboðsgagna.